



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
Úthlutun úr forvarnasjóði
21. maí 2003**

Við þekkjum öll ljóðlínu Jónasar sem helguð er spurninni: Höfum við gengið til góðs, götuna fram eftir veg – og vissulega getum við Íslendingar glaðst yfir góðum árangri á mörgum sviðum.

Við njótum lífskjara sem jafnast á við hið besta sem þekkest í veröldinni, blómleg menning auðgar líf okkar á skapandi hátt og alþjóðlegir mælikvarðar um hamingju þjóða hafa skipað Íslandi í fremstu röð. Á þessari glæstu mynd eru þó nokkrir skuggar og napurt að lífsstíllinn sem fylgt hefur velsæld og tísku skuli bera með sér ávísun á sorg og sjúkleika, heilsutjón og jafnvel dauða.

Á degi hverjum sjá einhverjar fjölskyldur í landi okkar á bak ástvinum sem látist hafa vegna eiturfylfja, áfengis eða tóbaksnautnar og árlega þarf heilbrigðiskerfið að verja hundruðum milljóna eða jafnvel milljörðum króna í glímunni við sjúkdóma sem neysluvenjur hafa skapað.

Reykingar eru af mörgum talin saklaus iðja og engum til tjóns nema kannski þeim sem neytir sjálfur. Samt segja skýrslur að árlega deyi jafnmargir Íslendingar af þessum sökum og næmi því að tvær stórar farþegaþotur færust á leiðinni milli Íslands og Kaupmannahafnar. Ímyndum okkar hvernig umræðan væri ef jafnt og þétt á sex mánaða fresti ár eftir ár færist fullskipuð þota á þessari leið. Og gleymum þá ekki að margir ástsælustu söngvarar okkar og tónlistarmenn hafa dáið úr lungnakrabba þótt þeir reyktu aldrei en spiluðu í áratugi í reykfylltum sölum skemmtihúsa.

Ég hef aldrei getað skilið hvers vegna samtök lækna, hjúkrunarfólks og annarra heilbrigðisstétta eru ekki í fararbroddi baráttunnar gegn reykingum líkt og Helgi Ingvarsson og Oddur Ólafsson voru gegn berklunum á sínum tíma. Deyja ekki jafn margir vegna reykinga á okkar tímum, já og kannski til muna fleiri en dóu úr berklaveikinni á árum

áður? Og þjónar það ekki hagsmunum og rekstri heilbrigðiskerfis að stemma stigu við orsökinni sem sjúkdóminn skapar?

Sama má reyndar segja um áfengisneyslu og aðra vímuegja. Þeim fylgir fórnarkostnaður sem veginn er í sorg og sjúkdómum, baráttu upp á líf og dauða, tortímingu fjölskyldulífs og sálarmeinum barna og unglunga sem á nístandi hátt verða vitni að neyslu ástvina sinna og horfa upp á vini og vandamenn týna lífinu eða verða sjúklingar það sem eftir er ævinnar vegna neyslunnar á þessum efnunum.

Það er vissulega á brattann að sækja að skipuleggja forvarnarstarf á velli þar sem tíska og tíðarandi stefna í aðra átt en samt hefur tekist á umliðnum árum að leggja grundvöll að árangri sem athygli vekur.

Hér hafa merkar rannsóknir komið að góðu gagni. Þær hafa sýnt að einfaldur boðskapur getur skilað miklu. Sé unglungum sagt að bíða með ákvörðun um reykingar eða áfengisneyslu þar til þeir taka bílpróf 17 ára gamlir sýnir reynslan að afgerandi líkur eru á að þeir sem slíku ráði fylgja séu hólpnir alla ævi. Þeir sem byrja að reykja eða drekka yngri eru til muna líklegri til að verða fórnarlömb harðrar neyslu.

Á sama hátt hafa rannsóknir leitt í ljós að daglegar samverustundir fjölskyldunnar og þátttaka í einhverri íþrótt eru besta forvörnin þegar til lengdar lætur og mikilvægt að foreldrar og samfélagið allt skilji þennan sannleika og breyti í samræmi við hann. Ég hef stundum á það bent að framlög til íþróttamála ætti ekki að flokka sem útgjöld í ríkisbúskap heldur sem fjárfestingu í framtíðinni; sparnaðaraðgerð sem dregur úr heildarkostnaði vegna heilbrigðismála, rekstrargjöldum sjúkrahúsa og heilsugæslu.

Sama gildir um fjölskylduna; athafnir hennar eru líka forvarnir ef rétt er á haldið og geta stórlega dregið úr þörfinni á dýrum meðferðarstofnunum þegar fram í sækir. Því væri í rauninni þjóðhagslega hagkvæmt að verja umtalsverðum fjármunum til að brýna fyrir fólki að fáeinar samverustundir fjölskyldunnar á degi hverjum skila miklum ávinningi, auka til muna líkur á heilbrigðu lífi, hollustu og hamingju ævina á enda.

Forvarnarstarfið í landi okkar getur sem betur fer sótt afl og stuðning í niðurstöður ítarlegra rannsókna og þannig skapar þekkingin okkur sterka viðspyrnu þegar á brattann er sótt.

Það er áriðandi að sá grundvöllur sem vísindin hafa skapað forvarnarstarfi verði sem flestum kunnur því þá verður auðveldara að sækja það atfylgi sem aðgerðirnar þurfa á að halda. Sú samtvinnun

þekkingar og forvarnarstarfs sem hér hefur verið leiðarljós mun tvímælalaust reynast æ farsælli þegar tímar líða.

Ég færi ykkur öllum sem að forvörnum koma einlægur þakkir fyrir frábær störf og óska ykkur velgengni og árangurs í framtíðinni. Þjóðin þarf svo sannarlega á ykkur að halda.